

		í peningum.		Hundrað á		Alin.	
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.	21
F. Skinnavara.							
31.	1 ♂ 4 fjórðungar nautskinnis	14	22	56	88	47	
32.	— 6 — kýrskinnis	12	43	74	58	62	
33.	— 6 — hrossskinnis	10	56	63	36	53	
34.	— 8 — sauðskinnis, af tvævetrum og eldri	7	68	61	44	51	
35.	— 12 — sauðskinnis, af veturgömlum og ám	5	50	66	»	55	
36.	— 6 — selskinnis	10	44	62	64	52	
37.	— 240 lambskinn (vorlamba) einlit	»	26	62	40	52	
G. Ýmislegt.							
38.	1 ♂ 6 pd. af ædardún, vel hreinsuðum, pundið á	11	89	71	34	59	
39.	— 40 — — óhreinsuðum	3	»	120	»	100	
40.	— 120 — — fuglafiðri	8	21	98	52	82	
41.	— 40 — — fjallagrösum	3	54	14	16	12	
42.	5 álnir 1 dagsverk um heyannir	2	50	60	»	50	
43.	5 — 1 lambsfóður	3	74	89	76	75	

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtildum landaurum verður:

<i>Eptir A. eða í friðu</i>	85	97	72
— <i>B. — í ullu, smjöri og tólg</i>	72	»	60
— <i>C. — í ullar tóvöru</i>	82	71	69
— <i>D. — í fiski</i>	77	58	65
— <i>E. — í ljósi</i>	43	80	37
— <i>F. — í skinnavöru</i>	63	90	53
En meðalverð allra landaura samantalið	425	96	356
og skipt með 6, sýnir:			
meðalverð allra meðalverða	70	99	59

Reykjavík, 25. dag febrúarmán. 1878.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannanna um form fyrir sveitarsjóðsreikningum.* — Með því að svo er fyrir mælt í sveitarstjórnartilskipun 4. maí 1872, 38. gr., að þegar sýslunefndirnar sju búnar að leggja úrskurð á reikninga allra hreppsnefndanna, skuli þær búa til formlegt yfirlit yfir efnahag hreppanna, og senda það amtmanni áleiðis til landshöfðingja, hefi jeg samið og látið prenta töfluform undir slíkt yfirlit, er kemur í stað forms þess, er hingað til hefir verið notað undir «skýrslur um efnahag sveitarsjóðanna».

Um leið og jeg sendi yður, herra amtmaður, 100 (200) expl. af þessu formi, bið jeg yður hjer með þjónustusamlega að skipta þeim meðal sýslunefndanna í norður- og austuramtinu (suður- og vesturamtinu), og láta sýslunefndunum í tje leiðbeining til að rita í skýrsluform þessi, ef þurfa þykir, svo sem einkum vegna fyrirmyndanna til áætlana þeirra um tekjur og gjöld hreppsins, er hreppsnefndirnar semja á ári hverju og getið er um í 19. gr. tilskipunarinnar. — Svo er til ætlazt, að form þetta verði notað í fyrsta skipti, er semja skal yfirlitið um fardagaárið 1876—77.

(Formið er þannig lagað):

22
28. febr.

